

# Gjaldskrá

64  
22. maí

## fyrir rafveitu Suðurfjarðahrepps.

### 1. gr.

Verð á rafmagni er um árið:

Fyrir 1 hektowatt . . . . .	kr.	45,00
— 2 — . . . . .	—	75,00
— 3 — . . . . .	—	95,00
— 4 — . . . . .	—	115,00
— 5 — . . . . .	—	135,00

og svo krónur 15,00 fyrir hvert hektowatt úr því.

Fyrir rafmagn upp að einu hektowatti sje gjaldið hlutfallslega hið sama og fyrir eitt hektowatt, en síðan sje gjaldið fyrir hluta úr hektowatti miðað við næsta hektowatt á undan, þó þannig, að gjaldið fyrir brot úr hektowatti verði aldrei hærra en næsta hektowatt á eftir.

Gjaldið er reiknað sjer fyrir hvern straumtakmarkara og sjer fyrir hvert hús, en þó jafnan sjer fyrir hvern notanda sem hefir eldstó eða »dúk og disk«, hvort sem straumtakmarkari er í húsinu eða ekki.

Þegar rafmagnið er notað eingöngu til ljósa og enginn straumtakmarkari eða mælir hafður, er verðið miðað við lampafjölda og ljósmagn hjá hverjum notanda.

Eitt kertaljós jafngildir einu watti. Verði nokkuð selt eftir mæli, verður gjaldið ákveðið með samningi við hvern notanda.

Rafmagn til ljósa í kirkjunni er selt eftir sjerstökum samningi. Þegar einstakir menn eða fjelög fá rafmagn á öðrum tíma en vjelarnar annars eiga að starfa, er verðið auk gjalds til stöðvarstjóra kr. 1,50 um klukkustundina og þó minst kr. 3,00.

Verðlag það sem að ofan er sett, er hreppsnefud í samráði við rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka um alt að 10%.

### 2. gr.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

Rafmagnsgjöldin greiðast tvisvar á ári, hálf t árgjald í einu, 15. mars og 15. sept. og jafnan fult misserisgjald.

Hafi gjaldið ekki verið greitt 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlut- aðeigandi notanda eftir skriflega tilkynningu til hans eða húseiganda.

Húseigandi ber ábyrgð á því að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Taka má gjaldið lógtaki.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 22. maí 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*